

## 20. gr.

**Breytingar á gjaldskrá.**

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem rafveitustjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð rafveitustjórnar.

**C. ALMENN ÁKVÆÐI**

## 21. gr.

**Brot á reglugerð.**

Brot á reglugerð þessari eða gegn reglum sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann. Sektir renna í ríkissjóð.

## 22. gr.

**Málssókn.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, eða reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 169 29. ágúst 1947 fyrir Rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**GJALDSKRÁ****fyrir Rafveitu Ísafjarðar.****I. RAFORKA****1. Ljós.**

1.1. Um kWst. mæli kr. 14.20 kWst.

1.2. Um kWst. mæli kr. 7.20 kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 46.00 m<sup>2</sup> á ári, í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur kr. 23.00 m<sup>2</sup>.

**2. Almenn heimilisnotkun.**

2.1. Um kWst. mæli kr. 3.50 kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 27.00 á mán. af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli niður.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi sem er minna en 7 ferm. skal telja sem hálf, þó þannig að ekki skal greiða fastagjald af herbergjum sem eru minni en 5 ferm. Herbergi sem eru stærri en 25 ferm. skal telja sem tvö.

#### Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst. mæli kr. 7.20 kWst.
- 3.2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:  
Aflgjald af notuðu afli kr. 3 630.00 kW/ári. Orkugjald af allri notkun kr. 1.50 kWst. Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með jöfnu millibili, en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalalag yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 11 000.00 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalds af ljósnotkun.

#### 4. Hitun.

- 4.1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sér mæli á kr. 3.50 kWst. enda séu suðu- og hitatæki fasttengd.
- 4.2. Til bakarofna í brauðgerðarhúsum kr. 1.15 kWst. á tímanum frá kl. 22—10, kr. 3.50 kWst á tímanum 10—22, enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta álagstíma Rafveitunnar. Þó eigi lengur en tvær stundir í senn, og notendur kosti uppsetningu tvígjaldsmæla.
- 4.3. Híti í kirkju um kWst. mæli kr. 2.10 kWst. enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta annatíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn.

#### 5. Önnur notkun.

- 5.1. Til götu- og hafnarljósa um kWst. mæli kr. 3.00 kWst.
- 5.2. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur um kWst. mæli kr. 7.20 kWst.
- 5.3. Til súgurrkunar um kWst. mæli kr. 2.00 kWst.
- 5.4. Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð 1.1.
- 5.5. Ofangreint raforkuverð er miðað við að raunstuðullinn sé ekki lægri en 0.8. Verði raunstuðull lægri er heimilt að miða raforkuverðið við kVA og kVAst. í stað kW. og kWst.

Lágmarkskostnaður um hverja heimtaug skal vera kr. 1 200.00 á ári.

#### II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og sú ákvörðun er skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir.

1. Af einfasa kWst. mælum .....	kr. 30.00 á mán.
2. Af þrífasa kWst. mælum 100A og minni .....	— 65.00 — —
3. Af mestaafismælum 100A og minni .....	— 160.00 — —
4. Af mestaafismælum stærri en 100A .....	— 200.00 — —
5. Af skiptiklukkum .....	— 30.00 — —
6. Af ljósnæmisrofum .....	— 120.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjöld fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

60A. 3 fasa .....	12 100.00	640.00
100A. 3 fasa .....	17 600.00	750.00
125A. 3 fasa .....	22 000.00	860.00
200A. 3 fasa .....	35 000.00	1 070.00
350A. 3 fasa .....	61 600.00	1 485.00

Fyrir heimtaug með flutningsgetu 150 kVA, (hér kann að þurfa spennistöð), skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 320.00 á hvert kVA. Skal þá aflið miðað við vara-stærðina 350, 400 eða 630 Amp. Yfirlengdargjald miðast við 350 Amp. samkvæmt töflu. Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 Amp. reiknast frá varkassa, stytztu greiðfæra leið að lóðamörkum. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaug akbraut skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd loftlínuheimtaugar 60—100 Amp. reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo hún nái löglegri hæð skal greitt umframgjald kr. 3 800.00 fyrir stólpann.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 Amper 2 fasa ..... kr. 3 200.00

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1 fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingu skv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða 1/6 hluta heimtaugargjalds skv. gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísa-fjarðarkaupstaðar. Sé um óskipulegt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds húseigenda eða gera honum að greiða heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum rafveitunnar er óheimilt að opna fyrir aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 330.00 í opnunargjald í skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 150.00 í skrifstofu rafveitunnar.

**V. ÝMIS ÁKVÆÐI**

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjalds-visitölu frá og með 1. júlí 1973 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, eða örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskortfi stendur.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald, skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1957, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 110 29. marz 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**REGLUGERÐ****um 7. flokk Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.****1. gr.**

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 7. flokkur.

Fjárhæð hvers bankavaxtabréfs skal verða kr. 10 000.00 og hvert bréf vera tölusett. Bankavaxtabréfunum skulu fylgja a. m. k. 15 vaxtamiðar.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til lántakenda til jarðakaupa, og koma til viðbótar jarðakaupalánnum, sem veitt verða og útborguð í peningum.

**2. gr.**

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarflokksins.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

**3. gr.**

Vextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 8½% á ári, og greiðast eftir á, fyrir eitt ár í senn hinn 15. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 1974.

**4. gr.**

Afborgun og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á útdregnum bankavaxtabréfum, er innleysa á. Gjaldldagi innleystra bréfa er 15. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 1975.